

Starfsgreinaráð	Samgöngu- farartækja- og flutningsgreinar	
Starfsheiti	Bílamálari	Löggilt iðngrein
Dagsetning	2. febrúar 2022	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:
Bílamálari annast undirbúnings hvers kyns ökutækja s.s. fólksbifreiða, vörubifreiða, vinnuvéla fyrir sprautun. Þá sprautar bílamálari ökutæki og hefur til hliðsjónar við störf sín fyrirmæli framleiðanda ökutækja og framleiðenda málningar- og fylliefna og nýjustu tækni í bílamálun. Hannar uppdrátt og teiknar merkingar á ökutæki. Bílamálari býr yfir sérþekkingu á efnisfræði og lítafræði. Vinnustaður bílamálara er bílasprautunar-, réttinga- eða bifreiðaverkstæði, eða skyldir vinnustaðir.
Bílamálari býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

Hæfnikröfur:
Metur og útfærir bílamálun miðað við fyrirmæli framleiðanda ökutækja og framleiðenda málningar- og fylliefna ásamt nýjustu tækni í bílamálun.
Annast viðgerðir og viðhald hvers kyns ökutækja og hluta þegar beita þarf málunartækni bílamálara.
Vinnur á öruggan hátt í háspennnum ökutækjum ásamt ökutækjum á öðrum nýjum orkugjöfum.
Blandar lit eftir forskrift og skönnun. Getur aðlagð lit að undirlagi.
Undirbýr ökutæki fyrir viðgerð og sinnir frágangi að viðgerð lokinni.
Umgengst efni í með tilliti til eiginleika, gæða og heilsufarslegra áhrifa þeirra.
Hefur til hliðsjónar við verk sín umferðarlög, lög og reglugerðir um hættuleg efni og vinnubrögð og lög og reglugerðir um gerð og búnað ökutækja.
Leysir verkefni með aðstoð tækni og viðgerðarupplýsinga framleiðenda á íslensku og ensku.
Fylgir kröfum um umhverfisvernd, flokkar, skilar og sýnir ábyrga umhverfisvitund.
Ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá öryggi og hagkvæmni en tekur jafnframt tillit til óska þeirra eins og skylt er samkvæmt lögum um neytendavernd.
Gerir kostnaðaráætlun áður en viðgerð og viðhaldsvinna hefst.
Skráir vinnuskýrslu og verklýsingu, meðal annars í ferilskrá ökutækis og heldur bókhald þannig að sjá megi jafn óðum hver staða verkefnis er miðað við kostnaðaráætlun.
Á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini og hefur tileinkað sér kurteisi, snyrtimennsku, þjónustulund og umburðarlyndi.
Þekkir rekstur, skipulag og uppbyggingu fyrirtækja, þekkir stofnanir í greininni og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra.
Fylgir lögum um vinnuvernd, tryggir öryggi sitt og annarra á vinnustað, er fær um að beita skyndihjálpi í kjölfar slyss eða óhapps.
Þekkir og getur unnið eftir gæðakerfi.
Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.
Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.
Annast viðhald og umhirðu áhalda og tækja.